

Skýrsla Tölvunefndar LH fyrir starfsárið 2015

Einn fundur hefur verið haldinn í Tölvunefnd LH það sem af er þessu ári. Fundur var boðaður þann 10. mars en þann dag gerði kolvitlaust veður sem olli því formaður nefndarinnar sat einn á fundarstað. Fyrirfram hafði verið ákveðið að bjóða þeim nefndarmönnum sem ekki áttu heimangengt að nota fjarfundabúnað og kom það sér vel í þessum óveðurshvelli. Gátu þrír aðrir nefndarmenn tengst fundinum sem var hinn ágætasti. Farið var yfir stöðu mála varðandi áframhaldandi þróun á okkar keppnishugbúnaði og ýmis önnur mál rædd.

Í maímánuði fengum við enn einu sinni nýja útgáfu af Kappa þar sem aðallega höfðu þrjú atriði verið löguð: villa í röðun í gæðingaskeiði, röng röð gangtegunda á eyðublöðum dómara og útreikningur á samanlögðum sigurvegurum sem aldrei hefur verið réttur. Þessi útgáfa hefur númerið 2.1 og virðist að mestu leiti hafa tekist vel til. Þó kom í ljós síðar á árinu að enn geta komið upp villur í útreikningum á samanlögðum sigurvegurum. Það er auðvitað afleitt og þarf að laga.

Í sumar voru gerðar verulegar endurbætur á WR skýrslunni en það er skýrsla sem tekin er út úr SportFeng að WR móti loknu og send er rafrænt inn í sérstakan server á vegum FEIF. Þessi nýja skýrsla var unnin í náinni samvinnu milli formanns Tölvunefndar og Doug Smith, sem er „Director of Sport“ hjá FEIF. Vonir standa til að í framhaldinu verði mun einfaldara og fljótlegra að ganga frá þessum skýrsluskilum.

Í byrjun þessa árs fengum við útgáfuáætlun frá Tölvudeild BÍ varðandi nýja veflæga Kappaútgáfu. Þar er gert ráð fyrir að ný útgáfa verði tilbúin um næstu áramót. Lagt var upp með ákveðna þrepaskiptingu á útgáfunni og var reiknað með að nefndin yrði kölluð til fundar í haust þar sem forritarar myndu kynna okkur það sem komið væri. Raunin hefur hins vegar orðið sú að verkþættir reyndust ýmist of- eða vanáætlaðir og hefur ekki verið unnið eftir fyrirfram áætluðu plani. Þrátt fyrir það er enn stefnt að því að verkefnið verði klárað um áramót. Formaður nefndarinnar hefur verið í nánnum samskiptum við forritarana og getur staðfest að vinnan er í fullum gangi. Við leyfum okkur því að vona að á næsta keppnisári verðum við komin með mun fullkomnari og betri keppnishugbúnað en þann sem við höfum verið að notast við.

Tölvunefnd LH er nú skipuð þessu fólki: Ágúst Guðjónsson, Eypór Jón Gíslason, Gísli Geir Gylfason, Kristín Jónasdóttir, Oddur Hafsteinsson, Valdimar Snorrason og Þórður Ingólfsson sem er formaður.

Fyrir hönd Tölvunefndar LH í október 2015,



Þórður Ingólfsson